

Endurvinnslustöðin

Aukaopnanir verða fimmtudaginn 27. desember kl. 13-18 og miðvikudaginn 2. janúar kl. 13-18.

Héraðsbókasafn opnunartímar 2019

Frá og með 1. janúar verður bókasafnið opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. **12:30 – 17:30**. Bókasafnið er lokað beri almenna frídaga upp á opnunardaga.

Tilraunaverkefni í uppbyggingu húsnæðis

Ásmundur Einar Daðason, félagsmálaráðherra, og fulltrúar Íbúðalánasjóðs kynntu á fundi í Leifsbúð þann 12. desember fyrstu sjö sveitarfélög sem verða til að taka þátt í tilraunaverkefni um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni. Dalabyggð er eitt þeirra, hin eru Snæfellsbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Norðurþing, Hörgársveit, Vesturbyggð og Seyðisfjarðarkaupstaður. Íbúðalánasjóður auglýsti eftir þátttakendum í verkefnið í haust og sóttu alls 33 sveitarfélög um.

Markmið tilraunaverkefnisins er að leita nýrra leiða til þess að bregðast við húsnæðisvanda sem ríkir víðsvegar á landsbyggðinni vegna óvirks íbúða- og leigumarkaðar og skorts á viðunandi íbúðarhúsnæði. Á fundi sínum þann 13. desember lýsti sveitarstjórn Dalabyggðar yfir ánægju með að sveitarfélagið hefði verið valið til þátttöku í verkefninu sem verður ýtt úr vör í byrjun nýs árs.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

Börn 15-17 ára eiga ekki rétt á húsnæðisbótum. Foreldrar/forsjáraðilar sem greiða húsaleigu vegna 15–17 ára barna sinna á heimavist, á námsgörðum eða í leiguherbergi hjá óskyldum vegna náms hér á landi fjarri lögheimili eiga rétt á húsnæðisstuðningi sé sambærilegt nám ekki í boði í sveitarfélaginu.

Stuðningurinn er óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og getur numið allt að 50% af leigufjárhæð. Fjárhæð styrks skal þó aldrei nema hærrí upphæð en 20.000 kr. á mánuði. Lágmarksgreiðsla foreldra eða forsjáraðila skal vera 10.000 kr. á mánuði.

Umsóknir skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 15. þess mánaðar sem greitt er fyrir, ekki er greitt aftur í tímann. Umsókn gildir fyrir hverja skólaönn. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu og heimasíðu Dalabyggðar.

www.dalir.is



DALAPÓSTURINN

16. tölublað, 11. árgangur
20. desember 2018

*Sveitarstjórn Dalabyggðar
óskar íbúum Dalabyggðar
gledilegra jóla og
farsæls komandi árs*



Áramótabrenna

Á gamlárskvöld verður brenna í Búðardal á sjávarkambinum neðan við Búðarbraut og skotsvæði á gömlu bryggjunni. Kveikt verður í brennuni kl. 21. Þurfi að koma til breytinga á brennustæðu og tímasetningu verður það auglýst á vef Dalabyggðar, www.dalir.is.

Dalir 1918

Sögustund verður á Byggðasafni Dalamanna sunnudaginn 30. desember kl. 16 og til umfjöllunar verður mannlíf í Döllum árið 1918. Sagt verður frá helstu viðburðum í héraðinu og reynt að velta fyrir sér ýmsum flötum daglegs lífs; hverjir bjuggu hér, fjölskyldur, atvinna, búskaparhættir, veðurfar, húsakostur, heimilishald, leikir og störf barna og hvað eina sem heimildir bjóða uppá.

Ábyrgðarmaður: Kristján Sturluson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

www.dalir.is

Endurvinnslustöðin

Aukaopnanir verða fimmtudaginn 27. desember kl. 13-18 og miðvikudaginn 2. janúar kl. 13-18.

Héraðsbókasafn opnunartímar 2019

Frá og með 1. janúar verður bókasafnið opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. **12:30 – 17:30**. Bókasafnið er lokað beri almenna frídaga upp á opnunardaga.

Tilraunaverkefni í uppbyggingu húsnæðis

Ásmundur Einar Daðason, félagsmálaráðherra, og fulltrúar Íbúðalánasjóðs kynntu á fundi í Leifsbúð þann 12. desember fyrstu sjö sveitarfélög sem verða til að taka þátt í tilraunaverkefni um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni. Dalabyggð er eitt þeirra, hin eru Snæfellsbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Norðurþing, Hörgársveit, Vesturbyggð og Seyðisfjarðarkaupstaður. Íbúðalánasjóður auglýsti eftir þátttakendum í verkefnið í haust og sóttu alls 33 sveitarfélög um.

Markmið tilraunaverkefnisins er að leita nýrra leiða til þess að bregðast við húsnæðisvanda sem ríkir víðsvegar á landsbyggðinni vegna óvirks íbúða- og leigumarkaðar og skorts á viðunandi íbúðarhúsnæði. Á fundi sínum þann 13. desember lýsti sveitarstjórn Dalabyggðar yfir ánægju með að sveitarfélagið hefði verið valið til þátttöku í verkefninu sem verður ýtt úr vör í byrjun nýs árs.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

Börn 15-17 ára eiga ekki rétt á húsnæðisbótum. Foreldrar/forsjáraðilar sem greiða húsaleigu vegna 15–17 ára barna sinna á heimavist, á námsgörðum eða í leiguherbergi hjá óskyldum vegna náms hér á landi fjarri lögheimili eiga rétt á húsnæðisstuðningi sé sambærilegt nám ekki í boði í sveitarfélaginu.

Stuðningurinn er óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og getur numið allt að 50% af leigufjárhæð. Fjárhæð styrks skal þó aldrei nema hærrí upphæð en 20.000 kr. á mánuði. Lágmarksgreiðsla foreldra eða forsjáraðila skal vera 10.000 kr. á mánuði.

Umsóknir skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 15. þess mánaðar sem greitt er fyrir, ekki er greitt aftur í tímann. Umsókn gildir fyrir hverja skólaönn. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu og heimasíðu Dalabyggðar.

www.dalir.is



DALAPÓSTURINN

16. tölublað, 11. árgangur
20. desember 2018

*Sveitarstjórn Dalabyggðar
óskar íbúum Dalabyggðar
gledilegra jóla og
farsæls komandi árs*



Áramótabrenna

Á gamlárskvöld verður brenna í Búðardal á sjávarkambinum neðan við Búðarbraut og skotsvæði á gömlu bryggjunni. Kveikt verður í brennuni kl. 21. Þurfi að koma til breytinga á brennustæðu og tímasetningu verður það auglýst á vef Dalabyggðar, www.dalir.is.

Dalir 1918

Sögustund verður á Byggðasafni Dalamanna sunnudaginn 30. desember kl. 16 og til umfjöllunar verður mannlíf í Dölum árið 1918. Sagt verður frá helstu viðburðum í héraðinu og reynt að velta fyrir sér ýmsum flötum daglegs lífs; hverjir bjuggu hér, fjölskyldur, atvinna, búskaparhættir, veðurfar, húsakostur, heimilishald, leikir og störf barna og hvað eina sem heimildir bjóða uppá.

Ábyrgðarmaður: Kristján Sturluson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

www.dalir.is